

REGLUGERÐ

um útgáfu á 2. flokki húsbréfa 1995 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbrefadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993 með síðari breytingum, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbrefadeild, gefi út 2. flokk húsbréfa 1995. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í 2. flokki 1995, skal vera að hámarki 6.500 milljónir króna. Húsbréfin skulu gefin út í fjórum undirflokkum A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbréf vera að fjárhæð 5.000.000,00 kr., í undirflokki B 1.000.000,00 kr., í undirflokki C 100.000,00 kr. og í undirflokki D 10.000,00 kr. Vextir í 2. flokki 1995 eru 4.75 % á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbréf eru greiðsla húsbrefadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbréfum.

3. gr.

Húsbréf skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang skal skráð á framhlið húsbréfs. Við eigendaskipti að húsbréfi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbréfs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbréf eru verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs, skv. lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995 og vaxtalögum nr. 25/1987, með síðari breytingum. Grunnvísitala flokksins er vísitala júnímánaðar 1995.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbréfa skv. breytingum á vísitölu neysluverðs frá útgáfudegi bréfanna, 15. júní 1995 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. júní 1995.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbréf þessa flokks að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. mars, 15. júní, 15. september og 15. desember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. júní 1996. Húsbrefaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. mars 1996. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum. Númer útdreginna húsbréfa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Þau húsbréf þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. júní 2020. Húsbréf verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbréfa-deildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fynast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða. Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer samkvæmt ákvæðum laga um tekju og eignarskatt á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29 júní 1995.

Páll Pétursson.

Elín Sigrún Jónsdóttir.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð nr. 254 28. apríl 1995 um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. júlí 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.